

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um iðgjöld tryggingafélaga.

Frá Ágústi Bjarna Garðarssyni.

1. Hversu mikið hefur iðgjald bílatrygginga, fjölskyldu- og heimilistrygginga, húseigenda-trygginga og líf- og sjúkdómatrygginga hækkað undanfarin fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hver var hagnaður tryggingafélaganna og arðgreiðslur undanfarin fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
3. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt mat á hvort hækkun iðgjalda tryggingafélaganna sé eðlileg í ljósi afkomu félaganna og stöðu tjónaskuldar (bótasjóða) undanfarin fimm ár? Hve miklar voru þessar hækkanir umfram verðbólgu?
4. Er það mat Fjármálaeftirlitsins að framlög í bótasjóði hafi verið eðlileg með tilliti til áætlaðra tjónaskulda og uppgjörs undanfarin fimm ár?
5. Hvernig hefur eftirliti samkeppnisyfirvalda með því að eðlileg samkeppni ríki á tryggingamarkaði verið háttað frá árinu 2017?

Skriflegt svar óskast.